


Litli - Hver



Heimsókn til Bessastaða

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson tók á móti þessum föngulega hópi Geysisfélaga að Bessastöðum fimmtudaginn 8. febrúar síðastliðinn. Heimsóknin tókst einstaklega vel. Guðni var hrókur alls fagnaðar, enda kátur maður til orðs og æðis og þekkingarbrunnur um sögu Bessastaða og embætti forseta. Klúbburinn þakkar vel fyrir móttökurnar og veittan beina. Fleiri myndir eru frá heimsókninni inni í blaðinu.

Þrjú auglýsinga-skilti utan við Ebbing í Missouri

Bíógagnrýni

Three Billboards Outside Ebbing, Missouri, er nýjasta kvikmynd bresk-írská leikskáldsins Martins McDonagh.

Hann hefur áður skrifað og leikstýrt kvikmyndunum *In Bruges* og *Seven Psychopaths*, auk þess sem hann hlaut

Óskarsverðlaun árið 2004 fyrir stuttmyndina *Six Shooter*. McDonagh er þekktur fyrir kolsvartan húmor og hvöss samtöl og ef marka má auglýsingaefnið í kringum *Þrjú auglýsingaskilti* er um að ræða nokkuð skýrt áframhald á þeim stíl, því myndin er markaðssett eins og hreinræktuð myrk gamanmynd. En að sama skapi er hún tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og sópaði að sér styttnum á Golden Globe hátíðinni, þar sem hún hlaut meðal annars verðlaun fyrir bestu dramatísku mynd.

Það ætti því ekki að koma á óvart að ýmislegt leynt undir því töffaralega yfirborði sem okkur er sýnt í stiklunni, enda er *Þrjú auglýsingaskilti* miklu meira en bara kuldaleg gamanmynd um ljót málefni - hún er kuldaleg en um leið tilfinningarík og djúp.

Eitt mikilvægt sem ber að nefna varðandi myndina eru leikararnir og þá sérstaklega Francis McDormand í hlutverki móðurinnar. Þvílík og önnur eins svipbrigði - hún leikur með hverjum andlitsvöðva og gerir persónu Mildred að algjörri þungamiðju myndarinnar. Við kynnumst henni orðalaust, þar sem hún stöðvar bílinn við Drinkwater



Road, þar sem fáir eiga leið um lengur og virðir fyrir sér tómgleg veðurbarin skiltin. Senan er afskaplega sterk og segir okkur áhorfendum heilmikið um persónu hennar, áður en við heyrum hana útskýra nokkuð fyrir auglýsingamanninum.

McDormand hefur þessi áhrif út alla myndina, leikur látaust, leyfir okkur að skynja ofsareiðina sem býr innra með henni, því Mildred er í senn eitilhörð og brothætt, en löngu búin að læra að missa aldrei niður grímuna. Hún er hörð í horn að taka við lögreglu jafnt sem samborgara sína og McDonagh hefur skapað reglulega eftirminnilega persónu, sem mér skilst að hafi verið skrifuð með leikkonuna í huga.

Aðrir leikarar eru líka stórgóðir, Sam Rockwell þarf að kljást við mjög erfitt hlutverk rasískrar löggú, sem hefur valdið ákveðnum deilum meðal áhorfenda og gagnrýnenda. Woody Harrelson sem lögreglustjórinn kemur sífellt á óvart, því ég á til að gleyma hvað hann er fínn leikari en persóna lögreglustjórans á ekki síður hlutdeild í hjarta myndarinnar, ásamt syrgjandi móðurinni. Ég hvet alla til þess að fara og sjá myndina.

Helgi Halldórsson

Opnun um Páskana hjá Klúbbnum Geysi

29. marz. Skírdagur. **LOKAÐ**

30. marz. Föstudagurinn langi **LOKAÐ**

31. marz. Laugardagur. Páskaveislan frá kl. 10:00 til 14:00

1. apríl. Páskadagur **LOKAÐ**

2. apríl. Annar í páskum **LOKAÐ**




3. apríl. Klúbburinn Geysir opinn aftur kl. 8.30 til 16:00

Myndir frá Páskaveislunni 2017



Myndir frá Bessastaðaheimsókninni 8. febrúar.



Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
			1. Hlaðborð	2. Kjötbollur í brúnni sósu	3. 
5. Pasta	6. Steiktur fiskur	7. Kálböggjar	8. Hlaðborð	9. Bixímatur	10.
12. Aspassúpa	13. Djúp-steiktur fiskur	14. Vorrúllur	15. Hlaðborð	16. Svína-sneiðar í ofni með sveppasósu	17. 
19. Chili con carne með hvítlauksbrauði	20. Gratíneraður fiskur	21. Slátur	22. Hlaðborð	23. Hamborgarar með frönskum kartöflum	24.
26. Grjóna-grautur með slátri	27. Fiskborgari með steikt-um lauk og sætum kartöflum	28. Pottréttur (Haust-réttur)	29. Skírdagur LOKAÐ	30. Föstudagurinn langi LOKAÐ	31. Páska-veisla. Lamba-læri

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um að fjörga matseðil Klúbbsins Geysis. Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

RTR-fréttir

Lausar stöður í RTR á Bakka: Áhugasamir hafi samband við Benna í síma 551-5166.



Tölvuverið

- Tölvuver er í boði fyrir félagar í Klúbbnum Geysi á þriðjudögum frá kl. 11:15 til 12:15. Þar geta félagar fengið aðstoð og leiðbeiningar í notkun ýmissa forrita, eins og Word, Publisher, interneti og öðru sem félagar hafa áhuga á. Félagar eru hvattir til að kynna sér aðstöðuna og taka þátt.

Afmælisveislan fyrir félagar sem eiga afmæli í mars verður 27. mars kl 14:00.

Klúbburinn fær styrk frá Velferðarráðuneyti



Þórunn Ósk tekur við styrknum úr hendi ráðherra velferðarmála

Þórunn Ósk Sölvadóttir framkvæmdastjóri Klúbbsins Geysis tók við styrk úr höndum Ásmundar Einars Daðasonar velferðarráðherra Styrkurinn er veittur til þess að efla hlut Batastjörnunnar (recovery star) í endurhæfingarmarkmiðum klúbbsins Geysis og til frekari kynningar á Batastjörnunni. Styrkurinn er af safnliðum fjárlaga vegna verkefna á sviði félagsmála 2018.



Snjalltækjanámskeið

Þessi föngulegi hópur er á tölvu – og snjalltækjanámskeiði á vegum Fjölmenntar, sem farið hefur fram í Klúbbnum Geysi á vorönninni. Námskeiðið hefur farið mjög vel af stað og þátttakendur ánægðir með það. Á myndinni eru nemendurnir ásamt kennara sínum og leiðbeinanda. Frá vinstri Elín Símonardóttir, Kristín Eyjólfadóttir sem kennt hefur hópnum, Haraldur Arnljótsson og Arngrímur F. Ólafsson.

Bræður tveir í hlaðvarpanum

Létt spjall við Þorkel og Árna

Það eru bræðurnir Þorkell og Árni Heiðar Jóhannes-synir sem eru viðmælendur mínir að þessu sinni. Þeir bræður hafa verið félagar í klúbbnum síðan 2002 – 2003 og líkar mjög vel.

Þeir hafa verið öflugir í viðhaldsdeildinni og stundum hefur verið

sagt að þeir séu holdgerfingar deildarinnar. Það nýjasta sem á hug þeirra og hjörtu er rekstur útvarps/ hlaðvarps Geysis. Það gengur mjög vel og er að eflast smátt og smátt.

Uppáhaldslitur Árna og Þorkels er blár, en þegar kemur að mat þá finnst Þorkeli lambalæri vera best en Árni er hrifinn af kjúklingi og frönskum.

Af bíómyndum finnst þeim bræðrunum James Bond myndirnar vera bestar eins og þær leggja sig. Árni heldur upp á Daniel Craig í



Þórunn J. Hafstein í viðtali hjá Þorkeli hlutverki James Bond en Þorkell heldur upp á Sean Connery. Árni er Steingeit og Þorkell er Sporðdrekki og þeir eru mjög hrifnir af flugmódelum,



Stúdíóvinna á fullu

fjarstýrðum bílum og fjarstýrðum bátum og hefur það verið áhugamál þeirra síðan um 1989. Til gamans má geta að ein flugvélin þeirra bræðra er Piper J-3 Cup sem er gul og frá fyrra stríðinu.

Í Viðhaldsdeildinni núna eru Þorkell og Árni að útbúa viðtalsherbergi fyrir



Árni og Þorkell á æfingu með Kiðlingunum

viðtöl og markmiðssetningar/ batastjörnuna en það verk hófst um miðjan febrúar.

Bræðurnir eru hrifnir af tónlist. Árni spilar á gítar og Þorkell á harmóniku og líka gítar síðan 2008. Uppáhaldshljómsveit Árna er Smokie og Status Quo og Bee Gees er uppáhaldshljómsveit Þorkels

Árni vann lengi á traktor í Garðyrkjudeild Reykjavíkurborgar síðar hjá Gatnamálstjóra.



Piper J-3 Cup

„Þá hlustaði ég mikið á þungarokk,“ segir Árni og sælusvipur fer um andlitið við minninguna og bætir við að vonandi njóti Geysisútvarpið góðs af tónlistaráhuga þeirra bræðra.

Geysisútvarpið er á soundcloud og á heimasíðu Klúbbsins, en það var Benedikt sem átti hugmyndina af að koma á fót FM útvarpi í tilraunaskini árið 2015 og var það sett í loftið á Geysisdaginn 2016.

„Árið 2019 verður Klúbburinn Geysir 20 ára,“ segir Þorkell og bætir við að þá

langi að efna til fjáröflunar til þess að endurnýja tækjabúnaðinn.

Þeir bræður eru öflugir í

tónlistinni og hafa meðal annars spilað með húsbandi

klúbbsins, Kela og kiðlingunum ásamt félögum klúbbsins.

Þeir bræður segja að ef

áhugi er hjá félögum að endurreisa húsbandið þá vilja þeir eindregið hvetja áhugasama til að hefja æfingar fyrir Geysisdaginn sem verður 9. júní á þessu ári. Einnig vona þeir að fleiri félagar taki þátt í útvarpinu til að efla starfsemi þess.

Ög já, bræðurnir eru á Facebook.

Viðtal: Arnar Laufeyjarson



Þorkell undirbýr viðtal



Árni sinnir tæknimálum

Jacky fór á skrifstofuna og Helena fór í eldhúsið

Starfsfólki Geysis er uppálagt að vinna í öllum deildum klúbbsins. Með það að leiðarljósi skiptu Jacky og Helena um hlutverk síðustu tvær vikurnar í febrúar. Það tókst ánægjulega og létu báðar vel af tilbreytingunni.



Helena stjórnar deildarfundir eldhúsdeildar



Jacky og Mikael huga að skjáfréttum

Fjáröflun ferðasjóðs

Minum á fjáröflun Ferðafélags Klúbbsins Geysis. Núna er verið að selja tvær tegundir af páskaeggjum, það er súkkulaðitegg- og -bolta í tilefni væntanlegrar páskahátíðar. Þessi egg voru líka í boði í fyrra og gerðu feikilega mikla lukku. Verðið er líka frábært: 3.500 kr. Einnig er hinn vinsæli klósett-pappír, heimilispappír og lakkrís alltaf fyrirliggjandi. Nánari upplýsingar í Klúbbnum Geysi hjá Helga og/eða Tótu Helgu.



Boltegg



Breyting á dreifingu

Litla-Hvers

Í ljósi óheyrilegs kostnaðar við dreifingu Litla-Hvers með póstinum, hefur verið ákveðið að hætta að senda Litla-Hver til félaga og annarra velunnara klúbbsins. Fyrsta tölublað þessa árs var því síðasta tölublaðið sem berst með hefðbundinni póst-dreifingu. Í staðinn verður Litli-Hver sendur rafrænt til þeirra sem þess óska og að sjálfsögðu verður hann aðgengilegur á heimasíðu klúbbsins. Okkur þykir þetta miður, en verðum að láta á þetta reyna. Þetta hefur verið rætt á húsfundum og verið jákvæður skilningur á stöðunni. Litli-Hver verður þó prentaður áfram í litlu upplagi og félagar sem það vilja geta nálgast blaðið í klúbbumum. Takk fyrir skilninginn.

Húsfundir

Húsfundir eru miðvikudaga kl. 14:30. Þar er rétti staðurinn fyrir félaga til að koma skoðunum sínum á framfæri og taka þátt í opnum umræðum.

Allir að mæta!

Klúbburinn Geysir er opin alla virka daga frá kl. 8:30 - 16:00, nema föstudaga er opið frá 8:30 - 15:00.

Félagsleg dagskrá í mars 2018

Fimmtudagur 1.mars
Marshallhúsið
Nánar auglýst síðar

Fimmtudagur 8.mars
Ut að borða Kl.18:00

Fimmtudagur 15.mars
Útvarpsheimsókn
Nánar auglýst síðar

Fimmtudagur 22.mars
Leikhúsfærð.Improv Island
Nánar auglýst síðar.

Laugardagur 31.mars
Páskaveisla Klúbbsins Geysis.
kl.10:00-14:00

Páskaveisla Klúbbsins Geysis

Páskaveisla Klúbbsins Geysis verður haldin laugardaginn 31. mars. Þrírétta máltíð: forréttur, páskalambalæri og páskaeegg ís og kaffi í eftirrætt. Verð kr. 3.500 á mann.

Lágmarks þátttaka verður að ná 15 manns ef af á að verða. Staðfestingargjald kr. 2000 greiðist eigi síðar en mánudaginn 23. mars. Velkomnið að taka með sér vini og vandamenn.



Deildarfundir

Fundir í deildum eru haldnir á hverjum degi kl. **9:15** og **13:15**. Þar er farið yfir verkefni sem liggja fyrir hverju sinni.

Æskilegt er að félagar mæti á deildarfundina. Tökum ábyrgð og ræktum vináttuböndin.